

bæjarsjóðs, greiði eignarnámsþolanda, Bjarna Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1965.

Nr. 208/1964. Ársæll Sveinsson (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Hreggviði Jónssyni og gagnsök

(Árni Guðjónsson hrl.)

og

Hreggviður Jónsson

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.
bæjarsjóðs til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipulag kaupstaðar. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi, Ársæll Sveinsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1964. Eru kröfur hans þessar:

I. Í aðalsök í héraði:

1. Að lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 verði staðfest.
2. Að gagnáfrýjanda, Hreggviði Jónssyni, verði dæmt að greiða honum kr. 15.313.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til greiðsludags.

II. Í gagnsök í héraði:

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda í gagnsökinni.
2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að orðið „þrjókast“ í gagnstefnu skuli vera ómerkt.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, þar á meðal málskostnaðar í fógetadómi vegna álagningar lögbannsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 19. janúar 1965. Gerir hann þessar kröfur:

I. Í aðalsök í héraði:

1. Að lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 verði felld úr gildi.

2. Aðallega, að honum verði dæmd sýkna af fjárkröfu aðaláfrýjanda, en til vara, að fjárkrafan verði færð niður, enda verði hann (gagnáfrýjandi) þá „eigandi þess timburs og efnis, sem í skúrinn var notað“.

II. Í gagnsök í héraði:

1. „Að viðurkenndur verði með dómi réttur gagnáfrýjanda til byggingar á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisbraut í samræmi við þinglesinn lóðarleigusamning milli gagnáfrýjanda og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum frá 14. febrúar 1964 skv. afstöðumynd og teikningu, er þeim samningi fylgja.“

2. „Að aðaláfrýjandi verði með dómi réttarins skyldaður til að fjarlægja timburskúr þann, sem stendur á norðvestur hluta lóðar“ gagnáfrýjanda „á horni Vesturvegar og Græðisbrautar og um er fjallað í máli þessu, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda“.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 150.000.00 „í skaðabætur fyrir tafir, sem hann hefur orðið fyrir og mun verða fyrir vegna seinkunar á byggingaframkvæmdum við viðbótarbyggingu við bilaverkstæðið“ ásamt 7% ársvöxtum af greindri fjárhæð frá 16. marz 1964 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi krefst þess að lokum aðallega, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök í héraði, en til vara, að verði fébótakrafa aðaláfrýjanda tekin að einhverju leyti til greina, þá verði málskostnaður í aðalsök látin falla niður.

Í Hæstarétti hafa ýmis ný gögn verið lögð fram.

Í bréfi skipulagsstjóra ríkisins 12. maí 1965 er frá því greint, að í gildi sé skipulagsuppdráttur fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er staðfestur var af Stjórnarráðinu 3. nóvember 1932. Hefur eftirgerð þess uppdráttar af svæði því, sem um er að tefla, verið lögð fram. Samkvæmt skipulagsuppdrættinum er „fyrirhugaður vegur frá Heiðavegi að Flötum norðan Vesturvegar“, eins og segir í fundargerð byggingarnefndar Vestmannaeyja 24. september 1963. Byggingarlóð sú, er bæjarstjóri Vestmannaeyja seldi gagnáfrýjanda á leigu með lóðarleigusamningi 14. febrúar 1964, er að nokkru í stæði nefnds vegar samkvæmt skipulagsuppdrættinum. Þetta mun stjórnvöldum Vestmannaeyjakaupstaðar hafa verið ljóst, er mörk lóðarinnar voru ákveðin. Á fundi sínum 24. september 1963, er getið var, ákvað byggingarnefnd Vestmannaeyja því að leggja til við bæjarstjórn, að skipulaginu yrði breytt þannig, að vegur þessi „verði lagður niður“. Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þessa tillögu byggingarnefndar á fundi 27. september 1963. Bæjarstjóri ritaði því næst hinn 2. október 1963 skipulagsstjóra ríkisins bréf, þar sem segir svo:

„Hjálagt sendist yður, herra skipulagsstjóri, samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 27. september 1963 um skipulagsbreytingu í bænum. Tillögur bæjarstjórnar koma fram í hjálögðum útskriftum úr fundargerðum byggingarnefndar Vestmannaeyja og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Óskast afgreiðslu þessa máls hraðað, svo sem unnt er.“

Skipulagsstjóri afgreiddi málið með bréfi sínu til bæjarstjóra 18. október 1963, svohljóðandi:

„Í tilefni bréfs yðar, dags. 2. okt. s.l., skal tekið fram, að ég get fallizt á tillögu byggingarnefndar um að fella niður fyrirhugaðan veg frá Heiðavegi að Flatavegi norðan Vesturvegar.“

Tillögur stjórnvalda Vestmannaeyjakaupstaðar um breytingu á skipulagi kaupstaðarins voru hins vegar eigi lagðar fyrir skipulagsnefnd ríkisins og Félagsmálaráðuneytið til úrlausnar samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 55/1921, sbr. 14. gr. sömu laga og 4. gr. laga nr. 64/1938. Málið hefur

eigi heldur verið tekið til meðferðar samkvæmt V. kafla laga nr. 19/1964, eftir að þau lög tóku gildi. Hefur því engin lögleg breyting orðið á skipulagi Vestmannaeyja til samræmis við lóðarsamning gagnáfrýjanda frá 14. febrúar 1964. Gagnáfrýjandi getur því ekki byggt kröfur sínar á hendur aðaláfrýjanda, sem hagsmuna hefur að gæta um skipulag á umræddu svæði, á greindum samningi, þar sem hann brýtur í bága við gildandi skipulagsupphætt.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður

1) í aðalsök í héraði lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 staðfest og gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda fébætur, sem þykja hæfilega ákveðnar af héraðsdómara kr. 10.000.00, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og

2) í gagnsök í héraði aðaláfrýjanda dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum á gagnáfrýjandi að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Í aðalsök í héraði greiði gagnáfrýjandi, Hreggviður Jónsson, aðaláfrýjanda, Ársæli Sveinssyni, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 23. marz 1964, birtri sama dag, á hendur Hreggviði Jónssyni bifvélavirkja, Vestmannaeyjum, til staðfestingar á lögbanni, sem fór fram 16. marz 1964, að undangengnum úrskurði fógetaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum þann dag. Enn fremur krafðist stefnandi málskostnaðar sér til handa eftir mati réttarins, bæði fyrir fógetarétti og fyrir bæjarþingi.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 9. marz 1964, birtri 11. s. m., höfðaði stefnandi framhaldssök og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, kr. 15.313.20, auk 7% ársvaxta frá 21. marz 1964 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að synjað yrði um staðfestingu lögbannsgerðarinnar og aðalstefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins. Í framhaldssök krafðist aðalstefndi aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fjárhæðin verði verulega lækkuð og hann yrði þá eigandi timburs og efnis í skúrnum, en málskostnaður látinn falla niður.

Með gagnstefnu, útgefinni 19. maí 1964, höfðaði aðalstefndi gagnsök í málinu og gerði þær réttarkröfur, að viðurkenndur verði með dómi bæjarþingsins réttur sinn til byggingar á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisveg í samræmi við lóðarsamning milli sín og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum frá 14. febrúar 1964 samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd og teikningu, að gagnstefndi verði með dómi réttarins skyldaður til að fjarlægja timburskúr þann, sem stendur á norðvesturhluta lóðar sinnar á horni Vesturvegar og Græðisvegar og um er fjallað í aðalsök og framhaldssök, innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlögðum 2 þúsund króna dagsektum, er renni til gagnstefnanda, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 150.000.00 í skaðabætur fyrir tafir, er hann hafi orðið fyrir og mun verða fyrir vegna tafar á byggingu viðbótarbyggingar við bílaverkstæði sitt, og að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í gagnsök eftir mati dómarans.

Gagnstefnandi áskildi sér rétt til að hækka skaðabótakröfu sína með framhaldsstefnu eða í sérstöku máli, ef í ljós kæmi,

að tjón hans næmi hærri fjárhæð. Svo áskildi hann sér rétt til skaðabótakröfu á Vestmannaeyjakaupstað, og var bæjarstjóranum f. h. Vestmannaeyjabæjar stefnt til réttargæzlu í málinu.

Gagnstefndi krafðist sýknu í gagnsök og málskostnaðar sér til handa úr hendi gagnstefnanda.

Hinn 13. október 1963 fékk aðalstefndi byggingu fyrir 420 fermetra lóð við Vesturveg að norðan og reisti þar hús fyrir bifreiðaverkstæði. Nokkru vestar við sömu götu sömu megin byggði Guðbrandur Reykdal Jónsson hús undir bikunarstöð og fékk leigusamning 26. júlí 1955 fyrir 375 fermetra lóð. Milli lóðanna var óbyggt svæði. Bifreiðaverkstæði aðalstefnda varð brátt of lítið vegna aukinna viðskipta, og á árinu 1957 sótti hann um viðbótarlóð vestan við hús sitt, að stærð 280 fermetrar, eða 14×20 metrar. Byggingarnefnd mælti með beiðninni á fundi 4. nóvember 1957, en með venjulegu skilyrði: að byggt yrði á lóðinni innan eins árs. Bæjarstjórn samþykkti umsóknina á fundi 15. nóvember s. á., en með þeirri breytingu, að stærð lóðarinnar yrði ákvörðuð þannig, að aðalstefndi fengi viðbótarlóð vestan við bifreiðaverkstæði sitt að lóð Reykdals Jónssonar og breidd lóðarinnar yrði 20 metrar. Öll bæjarstjórnin stóð að þessari samþykkt og þar á meðal aðalstefnandi. Aðalstefndi byggði ekki á lóðinni innan árs og fullnægði því ekki settu skilyrði. Á árinu 1963 var stækkun verkstæðishússins orðin aðkallandi, og sótti þá aðalstefndi að nýju um byggingu fyrir sömu viðbótarlóð, nú að stærð $11,90 \times 21$ metri, og einnig sótti hann um leyfi til að byggja viðbótarhús á lóðinni, að stærð 255 m², 1020 m³. Byggingarnefnd mælti með báðum umsóknunum á fundi 30. maí 1963, og voru þær síðan samþykktar á bæjarstjórnarfundi 19. júlí 1963. Þegar hér var komið, var aðalstefnandi orðinn eigandi að bikunarstöð Reykdals Jónssonar. Varð hann eigandi eignarinnar með afsali, útgefnu 15. september 1958, þinglesnu 19. s. m. Hafði hann fyrirhugað og, að því er virðist, fengið samþykki byggingarnefndar til að byggja við húsið að austan og út að lóðarmörkum. Fyrirhugað var, að gluggar væru á austurhliðinni. Af þessu leiddi, samkvæmt fyrirmælum byggingarsamþykktar, að fjarlægðin að næsta húsi fyrir austan mátti ekki vera minni en 3.15 metrar.

Þessa hafði ekki verið gætt, er bæjarstjórn samþykkti viðbótarbyggingu aðalstefnda og lóðarumsókn hans. Að tilhlutan bæjarins var nú hafizt handa til þess að ráða hér bót á.

Bæjarverkfræðingur gerði nýjan uppdrátt af fyrirhugaðri við-

bótarlóð aðalstefnda, og náði hún nú skemur til vesturs, en í stað þess breikkuð til norðurs, og meðal annars yfir óbyggt svæði, þar sem skúrbygging stóð, tilheyrandi aðalstefnanda. Ný teikning var gerð á kostnað bæjarins af væntanlegri viðbótarbyggingu aðalstefnda. Er hinn nýi uppdráttur lóðarinnar og nýja teikningin af viðbótarbyggingunni lá fyrir, var málið tekið fyrir af byggingarnefnd Vestmannaeyja 5. nóvember 1963 til afgreiðslu. Í fundargerð nefndarinnar segir svo:

„ lá fyrir fundinum uppdráttur að staðsetningu viðbyggingar við bílaverkstæði Hreggviðs Jónssonar við Vesturveg, sem bæjarverkfræðingur hefur gert. Nefndin er sammála um að úthluta Hreggviði Jónssyni viðbótarlóð í samræmi við uppdrátt bæjarverkfræðings. Lóðin verður 8.25 metra í vestur frá vesturgafli núverandi bílaverkstæðis, og eru þá 3,15 metrar í lóðarmörk fyrirhugaðrar byggingar Ársæls Sveinssonar. Enn fremur verður viðbótarlóð 5 metra í norður frá núverandi lóðarmörkum bílaverkstæðisins. Stærð viðbótarlóðar verður þá 315 m². Leggur nefndin til, að gefinn verði út lóðarleigusamningur fyrir þessari viðbótarlóð, enda verði byggt á lóðinni innan árs.

Með því að á hluta umræddrar lóðar eru skúrbyggingar, sem Ársæll Sveinsson á, samþykkir nefndin að tilkynna honum þessa niðurstöðu og fer fram á, að skúrarnir verði fjarlægðir, áður en hafizt verði handa við byggingar á umræddri lóð.“

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendi bæði aðalstefnanda og aðalstefnda endurrit af fundargerð byggingarnefndar með bréfi, dags. 7. nóvember 1963. Aðalstefnandi hreyfði engum athugasemdum, og á bæjarstjórnarfundi, sem haldinn var 13. desember 1963, var fundargerðin samþykkt með öllum atkvæðum.

Hinn 14. febrúar 1964 gerði bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum lóðarleigusamning við aðalstefnda um viðbótarlóðina í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar og meðmæli byggingarnefndar. Fjórum dögum síðar, eða þann 19. febrúar, ritaði aðalstefndi aðalstefnanda bréf og sagði honum frá, að sér hefði verið veitt bygging fyrir lóðinni. Síðan sagði hann svo:

„Þar sem þér eigið geymsluhús á lóð þessari, fer ég fram á, að þér látið fjarlægja húsið af lóðinni fyrir næstkomandi laugardag 22. febrúar. Verðið þér ekki búnir að fjarlægja nefnt hús af lóðinni á tilsettum tíma, áskil ég mér rétt til að láta fjarlægja það á yðar kostnað.“

Aðalstefnandi svaraði bréfi þessu ekki og gerði engar ráðstafanir til að verða við áskorun aðalstefnda. Um miðjan marz

s.l. hófst aðalstefndi síðan handa og fór sjálfur með sínum mönnum að rífa niður umrædda skúrbyggingu. Í skúrnum var geymt timbur, sem aðalstefnandi átti. Aðalstefnandi vildi ekki una þessum aðgerðum, og með beiðni, dags. 16. marz, krafðist hann þess, að lagt yrði lögbann við niðurrifi hússins á þeim forsendum, að hann væri eigandi þess og ætti tilkall til lóðarinnar, þar sem húsið stæði. Beiðnin var tekin fyrir í fógetarétti sama dag, og er trygging hafði verið sett, var beiðnin tekin til greina og aðalstefnda bannað með úrskurði að halda áfram niðurrifi hússins að viðlagðri ábyrgð.

Fyrir fógetaréttinum og einnig hér fyrir réttinum hélt aðalstefnandi því fram, að hann ætti tilkall til lóðarinnar, þar sem timburgeymsluskúr hans stóð. Áður var þar kálgarður, sem tilheyrði Birni Jónssyni í Gerði. Kálgarðinn kvaðst aðalstefnandi hafa keypt í október 1955 og hefur lagt fram yfirlýsingu frá Birni Jónssyni því til staðfestingar. Þar byggði hann síðan skúrinn og notaði hann fyrir timburgeymslu. Aldrei sótti hann um byggingu fyrir lóðinni, enda kvað hann sér hafa verið kunnugt um, að hún ætti að fara undir götu samkvæmt skipulagsuppdætti bæjarins.

Skipulagsuppdráttur hefur ekki verið lagður fram, en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist mega ganga út frá, að í gildandi skipulagsuppdætti sé ætlað til, að gata komi, þar sem skúrinn stendur, og fari yfir hluta lóðarinnar, sem aðalstefnda var úthlutað. En samkvæmt upplýsingum bæjarstjóra var leitað samþykkis skipulagsstjóra til breytingar á skipulagsuppdættinum að þessu leyti, áður en lóðarúthlutunin var afgreidd af byggingarnefnd og bæjarstjórn, og veitti skipulagsstjóri samþykki sitt með bréfi, dags. 18. október 1964.

Aðiljar deila um lögmæti lóðarúthlutunarinnar til aðalstefnda. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að óheimilt hafi verið að víkja frá gildandi skipulagsuppdætti. Þetta mun þó iðulega vera gert og verður að teljast heimilt, þegar samþykki skipulagsstjóra er fengið, eins og hér átti sér stað. Einnig er því haldið fram, að ekki hafi verið gætt fyrir mæla 12. gr. laga nr. 55/1921. Upplýst má telja, að hvorki í þessu tilfelli né í öðrum hliðstæðum hafi verið farið eins að og mælt er fyrir um í 12. gr., er breytingar hafa verið gerðar á skipulagsuppdætti Vestmannaeyja, og umboðsmaður aðalstefnda fullyrti, að sömu sögu væri að segja frá öðrum bæjum, þar sem hann þekkti til. Þegar þessa er gætt og þar við bætist, að aðalstefnanda var tilkynnt hinn

7. nóvember, eins og fyrr segir, um hina fyrirhuguðu lóðarúthlutun, án þess að hann hreyfði neinum athugasemdum, þá verður ekki litið svo á, að þetta atriði haggi gildi lóðarúthlutunarinnar. Að lokum var því hreyft, að samþykkt bæjarstjórnar hafi verið fengin með því að láta í veðri vaka, að samkomulag væri komið á milli aðiljanna um burtflutning timburgeymslunnar. Framburðir sumra þeirra, sem mættu fyrir réttinum, bentu til, að innan bæjarstjórnarinnar hafi sumir gert ráð fyrir, að slíkt samkomulag væri í þann veginn að komast á eða myndi komast á, en ekki hefur verið sýnt fram á, að það hafi verið forsenda fyrir samþykkt meirihlutans.

Um aðalsök og framhaldssök.

Þó að aðalstefndi hafi í höndum lóðarleigusamning um lóðina, verður ekki talið, að hann eigi rétt á að framkvæma sjálfur niðurrif hússins og brottflutning af lóðinni. Verður því litið svo á, að lögbannið hafi verið réttilega álagt, og verður það staðfest.

Af þessu leiðir, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda tjón, sem leiddi af ólöglegum aðgerðum hans. Í framhaldssökinni krefst aðalstefnandi kr. 15.313.20 til greiðslu á kostnaði við að bæta úr þeim skemmdum, sem aðalstefndi vann á húsinu. Sundurliðast krafan þannig:

Efni samkvæmt nótu	kr. 11.085.00
Vinnulaun	— 4.007.80
Söluskattur af vinnu	— 220.40

Kr. 15.313.20

Aðalstefndi mótmælti fjárhæðinni sem allt of hárrí, og sérstaklega mótmælti hann andvirði efnisins, sem svo að segja eingöngu er nýtt timbur. Hélt hann því fram, að unnt væri að hagnýta timbrið eða borðin síðar til annarra nota. Eftir atvikum virðist rétt að lækka bótakröfur aðalstefnanda niður í kr. 10.000.00, og verður aðalstefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Málskostnaður í aðalsök, framhaldssök og gagnsök verður ákveðinn í einu lagi.

Um gagnsök.

Eins og áður segir, byggir gagnstefndi rétt sinn til lóðarinnar á afsali frá Birni Jónssyni í Gerði. Björn mun hafa haft þar kálgarð um skeið, án skriflegs samnings við ríkið og þess að

greiða sérstakt endurgjald fyrir. Við afsalið öðlaðist gagnstefndi aðeins þau réttindi, sem Björn Jónsson kann að hafa átt, enda tekur Björn ekki annað fram í yfirlýsingu sinni en hann hafi selt gagnstefnda umræddan matjurtagarð, húslóðarréttindi átti Björn ekki og gagnstefndi ekki heldur og hafði aldrei um þau sótt, eins og áður getur, þó að hann hins vegar byggði þar bráða-birgðaskúr fyrir timburgeymslu.

Lóðarleigusamningur gagnstefnanda liggur fyrir í eftirriti. Samkvæmt því, er fyrr segir, verður að telja samninginn gildan, og veitir hann gagnstefnanda réttindi eftir ákvæðum sínum. Lóðin er leigð gagnstefnanda til húsbyggingar og annarra lög-legra afnota í sínar eigin þarfir og enginn fyrirvari gerður, varð-andi timburgeymsluskúr gagnstefnda eða til hugsanlegs réttar hans til lóðarinnar. Samkvæmt þessu á gagnstefnandi ótvíræðan rétt til að byggja hús á lóðinni, og með því að fyrir liggur teikning af fyrirhugaðri byggingu, sem hlotið hefur samþykki bæjaryfirvalda, verður fyrsti liður í gagnkröfu hans tekinn til greina að öllu leyti. Af þessu leiðir, að gagnstefnandi á heimtingu á, eftir löglegum leiðum, að timburskúr gagnstefnda verði fjarlægður, svo að unnt verði að koma upp byggingunni. Þykir því bera að taka annan kröfulið í gagnkröfunum til greina og skylda gagnstefnda til að fjarlægja timburskúrinn innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, sem renni til gagnstefnanda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 2.000.00 á dag, eins og krafist er.

Þriðji kröfuliður gagnstefnanda er kr. 150.000.00 í skaðabætur fyrir tafir við byggingu viðbótarbyggingarinnar, sem hann hafi orðið fyrir og muni verða fyrir af völdum gagnstefnda. Ljóst er, að gagnstefnandi átti þess ekki kost að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni vegna afstöðu gagnstefnda, en í máli þessu hefur hann engin gögn lagt fram, sem sýni fram á eða gefi bendingu um, hvert tjón hann kann að hafa beðið af þeim sökum. Þykir því ekki fært að taka þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að ákveða, að gagnstefndi og aðalstefnandi greiði gagnstefnanda og aðalstefnda kr. 6.000.00 í málskostnað í gagnsök, aðalsök og framhaldssök.

Í gagnstefnu komst gagnstefnandi þannig að orði: „Gagnstefndi hefur þrjókast við að fjarlægja timburskúr.“ Umboðsmaður gagnstefnda krefst þess, að orðið „þrjókast“ verði dæmt dautt og ómerkt. Orðið hefur niðrandi merkingu, og þykir rétt að taka kröfuna til greina og dæma það dautt og ómerkt.

Eftir að málið fór í dóm, var mælt til af hálfu bæjaryfirvalda, að dómsuppsögu yrði ekki hraðað, vegna þess að horfur væru á, að samkomulag kynni að komast á milli aðila. Dómaranum er kunnugt um, að gerðar voru tilraunir til að koma á samkomulagi, en þær hafi ekki tekizt. Annir hafa verið miklar hjá dómaranum vegna innheimtustarfa, lögreglumála og daglegrar afgreiðslu og síðustu daga vegna landhelgismála. Þessar ástæður liggja til þess, að dómsuppsaga hefur dregizt mikið umfram venju.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er staðfest.

Aðalstefndi, Hreggviður Jónsson, greiði aðalstefnanda, Ársæli Sveinssyni, kr. 10.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til greiðsludags.

Í gagnsök er viðurkenndur réttur gagnstefnanda, Hreggviðs Jónssonar, til þess að byggja á viðbótarlóðinni við Vesturveg og Græðisveg samkvæmt lóðarleigusamningi frá 14. febrúar 1964 og í samræmi við afstöðumynd og teikningu, samþykkt af bæjaryfirvöldum.

Gagnstefnda, Ársæli Sveinssyni, er skylt að fjarlægja timburskúr af umræddri lóð innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum, sem renna til gagnstefnanda, Hreggviðs Jónssonar.

Gagnstefndi og aðalstefnandi, Ársæll Sveinsson, greiði gagnstefnanda og aðalstefnda, Hreggviði Jónssyni, kr. 6.000.00 í málskostnað.

Orðið „þrjókast“ í gagnstefnu skal vera dautt og ómerkt. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.